



FRÁ A TIL G

Sinfóníuhljómsveit áhugamanna Tónleikar í Seltjarnarneskirkju

laugardaginn 12. október 2024, klukkan 16

Stjórnandi: Oliver Kentish

Einleikari: Nína Margrét Grímsdóttir

Efnisskrá:

Wolfgang Amadeus Mozart: *Píanókonsert í A-dúr nr. 23, K. 488,*
Allegro
Adagio
Allegro assai

Antonín Dvořák: *Sinfónía nr. 8 í G-dúr, op. 88*
Allegro con brio
Adagio
Allegretto grazioso
Allegro ma non troppo

Hljómsveitin þakkar Seltjarnarneskirkju og Tónlistarskóla Seltjarnarness ómetanlegan stuðning. Hljómsveitin nýtur stuðnings Reykjavíkurborgar árið 2024.

Aðgangseyrir er kr. 3000, afsláttarverð kr. 2000 fyrir nemendur og eldri borgara, greiðist við innganginn eða inn á reikning 0137 05 18182, kt. 470497 2469.



Um verk og einleikara:


Wolfgang Amadeus Mozart (1756-1791) samdi fjölda píanókonsertra enda var það helsta tekjulind hans sem sjálfstæðs tónlistarmanns að leika einleik í eigin verkum. Mest voru afköstin við konsertsmíðarnar á árunum 1782-1786 en þá samdi hann ekki færri en 15 píanókonsertra, þar á meðal þann sem hér verður leikinn. Hann var frumfluttur í mars 1786, um svipað leyti og óperan Brúðkaup Fígarós. Líklega lék Mozart sjálfur einleikspartinn. Þetta voru áskriftartónleikar, einir af þrennum þetta vor. Af píanókonserturnum fimmtán voru sex samdir á sama árinu, 1784, ári móðuharðinda og jarðskjálfta á Íslandi.



Nína Margrét Grímsdóttir er í fremstu röð klassískra píanóleikara landsins. Hún lauk doktorsprófi í píanóleik frá City University of New York, Professional Studies Diploma frá

Mannes College of Music í New York, meistaragraðu frá City University í London, einleikarprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík og LGSM prófi frá Guildhall School of Music and Drama. Hún hefur komið fram á Íslandi, Evrópu, Bandaríkjunum, Kanada, Japan og Kína sem einleikari með hljómsveitum og í kammertónlist. Hún hefur hljóðritað fimm geisladiska fyrir Naxos, BIS, Acte Préalable og Skref sem allir hafa hlotið frábæra dóma í Gramophone Awards Issue, BBC Music Magazine, Glasgow Herald, Crescendo-Magazine, Xí an Evening News og High Fidelity. Nína Margrét starfar við Listaháskóla Íslands, Tónskóla Sigursveins og Tónlistarskóla Kópavogs og hafa nemendur hennar unnið til fjölda verðlauna innanlands og erlendis. Nína Margrét kom fram með Sinfóníuhljómsveit áhugamanna 2016 og lék þá píanókoncert Mozart nr. 21 K.463.

Antonin Dvorák (1841-1904) ólst upp í sveitaþorpi 30 km norðan við Prag í Tékklandi og var þjóðlagahefðin honum í blóð borin og setti mark sitt á verk hans alla tíð. Hann var sonur slátrara og aðstoðarmaður föður síns. En auk þess lagði hann stund á tónlist, lék á orgel, fiðlu og víölu. Nítján ára gamall lék hann í leikhúshljómsveit Bæheims undir stjórn Smetana. Kennsla og tónsmíðar urðu helstu viðfangsefni hans og þar varð frami hans skjótur. Hann hlaut heiðursdoktorsnafnbót við Háskólana í Prag og Cambridge. Honum var boðið til Bandaríkjanna 1892 þar sem hann dvaldi í þrjú ár og stýrði National Conservatory in New York. Heimþráin togaði hann heim til Prag og þar tók hann við stjórn Tónlistarháskólans 1901. Merkustu verk hans má vafalaust telja sinfóníurnar nr. 8 og 9, og eru þær ásamt sellókoncertinum þau verk sem oftast eru flutt. Sinfóníuhljómsveit áhugamanna hefur flutt 8. sinfóníuna nokkrum sinnum áður, fyrst í Fella- og Hólakirkju í mars 1995, í Seltjarnarneskirkju í apríl 2003, í Philharmonie í Berlín ásamt Orchester Berlin Musikfreunde í september 2008, og síðast í Seltjarnarneskirkju í febrúar 2017.



Að þessu sinni er hljómsveitin þannig skipuð:

Konsertmeistari: Jónína Þ. Thorarensen

1.fiðla

Jónína Þ. Thorarensen
Martin Frewer
Vera Ósk Steinsen
Helga R. Óskarsdóttir
Jelena Kuzminova
Elísabet Vala Guðmundsdóttir
Ragnheiður S. Þorsteinsdóttir
Ásta Óskarsdóttir
Sólrun S. Kjartansdóttir
Irina Ovchinnikova

2.fiðla

Hildigunnur Rúnarsdóttir
Drífa Örvarsdóttir
Hólmfríður Þorvaldsdóttir
Auðbjörg Ingvarsdóttir
Helga Andrésdóttir
Runólfur Jóhannsson
Rannveig Anna Guðmundsdóttir
Ágústa María Jónsdóttir

Víola

Elín Björk Jónasdóttir
Ásdís Runólfsdóttir
Sigita Siciune
Páll Ingvarsson
Súsanna Friðriksdóttir

Selló

Páll Einarsson
Valdís Gregory
Árni Inaba Kjartansson
Guðrún Svana Hilmarsdóttir

Bassi

Dean Ferrell
Olivia DeAngelis

Flauta

Krísturín Helga Björnsdóttir
Edda Kristjánsdóttir

Óbó

Guðrún Másdóttir
Sverrir Guðmundsson

Englahorn

Guðrún Másdóttir

Klarinett

Ásdís Birta Guðnadóttir
Íris Orradóttir

Fagott

Guðjón Bjarnason
Nína María E. Valgarðsdóttir

Horn

Torfi Þór Gunnarsson
Þorgerður Þorkeldsdóttir
Kjartan Ólafsson
Þorkell Jólsson

Trompet

Steinar Matthías Kristinsson
Jón Hafsteinn Guðmundsson

Básúna

Rolf Gaedeke
Svava Freysdóttir
Hallvarður Einar Logason

Túba

Hugi Jónsson

Pákur

Eggert Pálsson

Næstu tónleikar hljómsveitarinnar verða laugardaginn 23. nóvember 2024 og verða samvinnuverkefni með Nótunni, uppskeruhátíð tónlistarskólanna. Einleikarar verða verðlaunahafar úr röðum nemenda tónlistarskólanna: Ásgerður Sara Háfdanardóttir (píanó), Björney Anna Aronsdóttir (fiðla), Kamilla Kerekes (horn), Sigrún Klausen (fiðla) og Sigurjón J. Magnússon (flauta).